

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxós ehf. Árskógssandur, Öldugata 31



Dags eftirlits	8.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Fyrirtæki	Laxós ehf.	Eftirlitsmaður	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Heimili	Öldugata 31	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	671016-2110	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Valur Stefánsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða skil á ársskýrslu og umhverfisupplýsingum. Skv. tölvupósti frá framkvæmdastjóra fyrirtækisins, dags. 3. október sl. eru engar framkvæmdir hafnar við uppbyggingu starfseminnar og því engin starfsemi í gangi. Báðum frávikum er því lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fyrirhugaða seiðaeldisstöð Laxóss ehf. á Árskógssandi þann 8. október sl. Enginn var viðstaddur vettvangsheimsókn en haft var samband við framkvæmdastjóra félagsins í síma til að fá upplýsingar um aðra þætti boðaðs eftirlits.

Boðuð dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Starfsleyfi
2. Eftirlitsmælingar og skráningar
3. Áætlanir og viðbrögð
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Kynning á meðfylgjandi gögnum
6. Önnur mál
7. Vettvangsskoðun

1. Starfsleyfi.

Starfsleyfi var gefið út fyrir seiðaeldisstöð Laxóss árið 2024. Hins vegar hefur uppbygging seiðaeldisstöðvarinnar ekki enn hafist og því er engin starfsemi í gangi.

Þrátt fyrir að starfsemi sé ekki hafin, er nauðsynlegt að uppfylla kröfur starfsleyfis hvað varðar skil á ársskýrslu og umhverfisupplýsingum, sbr. gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi, fyrir 1. maí ár hvert, sbr. einnig 2. gr. reglugerðar nr. 206/2025 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhalð.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Engar eftirlitsmælingar hafa verið gerðar þar sem starfsemi er ekki hafin.

3. Áætlanir og viðbrögð

Frestað til næsta eftirlits.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlita

Frestað til næsta eftirlits.

5. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var stuttlega yfir innihald þeirra gagna sem send voru við boðun eftirlits og rekstraraðila bent á að kynna sér þau.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

7. Vettvangsheimsókn

Farið var að lóð Laxóss á Árskógssandi og staðfest að uppbygging er ekki hafin.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.4 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.
2. gr. reglugerðar nr. 206/2025 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald	Umhverfisupplýsingum skv. 1. og 2. mgr. ber að skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2026

Stella Hrönn Jóhannsdóttir